

Föstudaginn 26. maí 1978.

Nr. 105/1978. **Sigurður Gíslason**

(Ingi R. Helgason hrl.)

gegn

bæjarstjórn Garðakaupstaðar

(Benedikt Sveinsson hrl.).

Kosningar. Kjörskrá.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson, Logi Einarsson og Magnús Þ. Torfason.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 25. maí 1978. Hann krefst þess, að stefnda verði dæmt skylt að taka nafn áfrýjanda á kjörskrá þá í Garðakaupstað, er gildir við bæjarstjórnarkosningar, sem fram eiga að fara 28. maí 1978.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms.

Í ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 34/1978 um breytingu á lögum nr. 46/1971 um lögsagnarumdæmi Hafnarfjarðar-kaupstaðar felst, að áfrýjandi skuli vera á kjörskrá í Hafnarfirði við bæjarstjórnarkosningar 28. maí 1978. Lög þessi voru staðfest af forseta Íslands 12. s. m. og birt í A deild Stjórnartíðinda 18. s. m. Í 3. gr. laganna segir, að þau öðlist þegar gildi.

Áfrýjandi er á kjörskrá í Hafnarfirði.

Að svo vöxnu ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Dómur bæjarþings Hafnarfjarðar 24. maí 1978.

Mál þetta, sem var dómtekið í dag, hefur Sigurður Gíslason, Setbergi II, Hafnarfirði, höfðað á bæjarþingi 23. maí 1978, þar sem sótt var þing af hálfu stefnda og fyrirtaka málsins samþykkt.

Stefndi er Garðar V. Sigurgeirsson, bæjarstjóri í Garðakaupstað f. h. bæjarstjórnar Garðakaupstaðar. Dómkröfur stefnanda eru

þær, að hann fái viðurkenndan rétt sinn til að vera á kjörskrá í Garðabæ í sveitarstjórnarkosningum þeim, sem fram eiga að fara þann 28. maí 1978.

Af stefnda hálfu er þess krafist, að kröfum stefnanda verði hafnað.

Samkvæmt vottorði Hagstofu Íslands, þjóðskrár, var stefnandi skráður til heimilis að Setbergi II í Garðakaupstað 1. desember 1977. Hann hefur ekki flust búferlum síðan.

Þann 12. þ. m. voru samþykkt lög nr. 34/1978 um breytingu á lögum nr. 46 16. apríl 1971 um lögsagnarumdæmi Hafnarfjarðarkaupstaðar. Af 1. gr. laga þessara leiðir, að bústaður stefnanda verður í lögsagnarumdæmi Hafnarfjarðar frá gildistöku laganna. Samkvæmt ákvæði til bráðabirgða skulu þeir íbúar Garðakaupstaðar, sem með lögum þessum flytjast í lögsagnarumdæmi Hafnarfjarðarkaupstaðar, teknir á kjörskrá í Hafnarfirði.

Bæjarritarinn í Garðakaupstað ritaði stefnanda bréf þann 12. maí 1978, þar sem hann tilkynnti honum, að nafn hans hefði verið tekið af kjörskrá í Garðabæ og fært á kjörskrá í Hafnarfirði, og bæjarritarinn í Hafnarfirði tilkynnti stefnanda sama dag, að nafn hans hefði verið fært inn á kjörskrá vegna bæjarstjórnarkosninga í Hafnarfirði 28. maí nk.

Stefnandi kaus utan kjörfundar 16. maí sl., og er þess getið í gerðabók kjörstjóra, að stefnanda hafi verið kunnugt um ákvæði til bráðabirgða í lögum frá 2. maí 1978.

Af hálfu stefnanda er byggt á því, að ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 46/1971 sé andstætt grundvallarreglu stjórnskipunaréttar um afturvirkni laga, stefnandi eigi samkvæmt 1. gr. laga 5/1962, sbr. 1. gr. laga 5/1966, sbr. 1. og 15. gr. laga 52/1959, að vera á kjörskrá í Garðakaupstað, þar sem hann var heimilisfastur 1. desember sl.

Af stefnda hálfu er á því byggt, að ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 34/1978 hafi fullt lagagildi og fari ekki í bága við stjórnskipunarlög.

Lög 34/1978 voru birt í A deild Stjórnartíðinda 18. maí 1978 og hafa þannig fullt lagagildi frá þeim degi. Lög þessi virðast vera í fullu samræmi við stjórnskipunarlög.

Um það, hvar nafn stefnanda skuli vera á kjörskrá við næstkomandi sveitarstjórnarkosningar, fer eftir ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 34/1978. Samkvæmt því ber að hrynna kröfu stefnanda

Steingrímur Gautur Kristjánsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

Málið hefur verið rekið á bæjarþingi Hafnarfjarðar, en samkvæmt bréfi dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til bæjarfógetans í Hafnarfirði, nr. 324 frá 19. ágúst 1976, eru Garðakaupstaður og Hafnarfjarðarkaupstaður ein dómþinghá, sbr. 72. gr. laga 85/1936, og hefur bæjarþing hinnar sameiginlegu dómþinghár verið nefnt bæjarþing Hafnarfjarðar til hægðarauka.

Dómsorð:

Hrundið er kröfu stefnanda, Sigurðar Gíslasonar, um, að nafn hans verði tekið á kjörskrá í Garðakaupstað við sveitarstjórnarkosningar, sem fram eiga að fara 28. maí 1978.

Laugardaginn 27. maí 1978.

Nr. 196/1978. **Kristín S. Kvaran**

(Benedikt Sveinsson hrl.)

gegn

bæjarstjórn Garðakaupstaðar

(Ágúst Fjeldsted hrl.).

Kosningarréttur. Lögheimili. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómaramarnir Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson, Logi Einarsson og Magnús Þ. Torfason.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 25. maí 1978. Krefst hún þess, að stefnda verði dæmt skylt að taka nafn áfrýjanda á kjörskrá þá í Garðakaupstað, sem gildir við bæjarstjórnarkosningar þær, sem fram eiga að fara 28. maí 1978.

Stefndi hefur lýst yfir því, að hann hreyfi engum andmælum gegn kröfu áfrýjanda.

Fyrir Hæstarétt hefur verið lagt ljósrit af samnorrænni flutningsboðun fyrir áfrýjanda.